



Grímsnes-og Grafningshreppur  
Borg  
805 Selfossi

Dagsetning **15. nóvember 2023**  
Málsnúmer MRN23110561

## Vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu

Frá 1. janúar 2023 hafa öll sveitarfélög starfrækt barnaverndarþjónustur skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Löggin kveða á um að í umdæmi hvefarr barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Þó er skv. 3. mgr. 11. gr. laganna heimilt að víkja frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda, t.d. vegna landfræðilegra ástæðna, ef næg fagþekking er til staðar innan barnaverndarþjónustu og ef fyrir liggur samningur um umdæmisráð barnaverndar sem uppfyllir skilyrði 14. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarþjónusta skal þá í það minnsta hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki í tveimur stöðugildum og hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun. Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laganna er það ráðherra sem veitir undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda.

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur, sem hefur haft samvinnu um barnaverndarþjónustu með öðrum sveitarfélögum í skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs., óskaði eftir undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu skv. 3. mgr. 11. gr. og var undanþága veitt til 15. janúar 2024. Nú þegar fer að líða að því að undanþágan falli úr gildi vill mennta- og barnamálaráðuneytið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við sveitarfélagið.

Ráðuneytið áréttar það sem fram kom í bréfinu þegar undanþágan var veitt að við endurnýjun undanþága fyrir árið 2024 hyggst ráðuneytið gera ríkari kröfur til þess að sveitarfélög sýni fram á þörf fyrir undanþágu. Ráðuneytið fer því fram á að sveitarfélög sýni fram á að þau hafi árangurslaust leitað eftir samstarfi við önnur sveitarfélög um barnaverndarþjónustu í stærri umdæmum. Gera má ráð fyrir því að ef sveitarfélag getur ekki sýnt fram á að þau hafi formlega leitað eftir samstarfi um barnaverndarþjónustu í fjölmennara umdæmi en 6.000 íbúa verði undanþága ekki veitt fyrir árið 2024.

Ef sveitarfélagið hefur í hyggju að sækja um endurnýjaða undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu óskar ráðuneytið eftir því að umsóknir um slíkt berist fyrir 15. desember nk. Auk uppfærðra upplýsinga um næga fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu skal sveitarfélagið leggja fram upplýsingar um formlegar umleitanir sveitarfélagsins til að ná samstarfi um barnaverndarþjónustu á svæði sem telur a.m.k. 6.000 íbúa.

Umsóknareyðublað vegna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu má finna eyðublaðavef Stjórnarráðsins, á slóðinni: <https://minarsidur.stjr.is/>

Vakni einhverjar spurningar hvetjum við ykkur til að hafa samband við Áslaugu Magnúsdóttur, yfirlögfræðing mennta- og barnamálaráðuneytis, á netfangið [aslaug.magnusdottir@mrn.is](mailto:aslaug.magnusdottir@mrn.is).

F.h. ráðherra  
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra  
Áslaug Magnúsdóttir

